

Nd.

111. Frumvarp til laga

[99. mál]

um breyting á lögum nr. 77 23. desember 1975 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 20 5. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

1. málslíður 1. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 20/1976) orðist svo:
Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 18% til 31. desember 1977 og greiðast af eftirgreindum vöruflokkum:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérstakt tímabundið vörugjald var upphaflega lagt á með bráðabirgðalögum nr. 65 16. júlí 1975. Var það 12% frá 17. júlí 1975 til 31. desember 1975, 10% frá 1. janúar 1976 til 4. maí 1976 en hefur verið 18% frá þeim tíma. Samkvæmt 1. gr. l. nr. 20/1976 skal vörugjaldið innheimt til 31. desember 1976. Með frumvarpi þessu er lagt til að gjaldið verði framlengt til 31. desember 1977 eins og gert er ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1977.

Ekki er gerð tillaga um breytingu á vöruflokkum, sem gjaldskyldir eru, en verði hið nýja frumvarp um tollskrá, sem innan skamms verður lagt fyrir þingið, samþykkt, hefur það í för með sér að breyta þarf upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. laganna um sérstakt tímabundið vörugjald.